



Skólaráðsfundur í Víkurskóla 15.9. 2022

Fundurinn hófst klukkan 16:00

Mættir eru: Sif Hauksdóttir, Stefán Daníel Kristjánsson, ÞuríðurLílja Valtýsdóttir, Elín Einarsdóttir og Björn Vignir Ingason. Helga Halldórsdóttir og Petra Kristín Kristín Kristinsdóttir boðuðu forföll. Einn fulltrúa vantar frá nemendum. Niðurstöður úr nemendaráðskosningu lágu ekki fyrir fyrir fundinn og Elín leggur til að nemendur velji sér sjálfir annan fulltrúa. Eins þarf að skipa varafulltrúa frá foreldrum.

Elín setti fund og bað Þuríði að rita fundargerð.

1. Starfsáætlun skólaráðs

Starfsáætlun kynnt.

Námsmati bætt inn á dagskrá fundar 16. febrúar n.k.

Lagt til að Skólapúls og Skólaþing nemenda verði annað hvert ár. Skólareglur verði settar á dagskrá á desember fundi.

Starfsáætlun samþykkt með breytingum.

2. Sjálfsmatsskýrsla 2021-2022

Sjálfsmatsskýrsla hefur verið lögð fram til kynningar í fjölskyldu-, frístundar-, og menningarráði.

Er einnig aðgengileg á heimasíðu.

Lögð fram til kynningar.

3. Skólanámskrá 2022-2023

Síðasta vor var útbúinn matsrammi fyrir skólanámskrána sem hefur nýst við uppfærslu á henni.

Uppfærð skólanámskrá kynnt og samþykkt.

4. Starfsáætlun Víkurskóla 2022-2023

Starfsáætlun kynnt með uppfærslum og samþykkt með áorðnum breytingum. Stuðst var við matsramma sem unnin var síðalstliðið vor og var hluti af innra mati skólans.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 16:40.